

Siðanefnd Ríkisútlvarpsins,
Efstaleiti 1,
150 Reykjavík.

Boðsent.

Reykjavík, 27. ágúst 2020.

KÆRA TIL SIÐANEFNDAR RÍKISÚTLVARPSINS

Samherji hf., kt. 610297-3079, Glerárgötu 30, 600 Akureyri (hér eftir nefndur kærandi) hefur falið mér að kæra brot tiltekinna starfsmanna Ríkisútlvarpsins á ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútlvarpsins vegna birtingar færsla á samfélagsmiðlum þar sem tekin er opinber afstaða til málefna kæranda. Um heimild til að skjóta málinu til siðanefndar vísast til 3. mgr. 5. gr. siðareglanna.

Kröfur

1. Þess er krafist að siðanefndin úrskurði að siðareglur Ríkisútlvarpsins hafi verið brotnar í þeim tilvikum sem talin eru upp í málsatvikalýsingu hér að neðan.
2. Þess er krafist að siðanefndin taki afstöðu til alvarleika brotanna og greini þau í flokk sem mjög alvarleg, til vara er þess krafist að brotin verði greind í flokk sem alvarleg og til þrautarvara er þess krafist að brotin verði greind í flokk sem ámælisverð.
3. Þess er krafist að siðanefndin taki afstöðu til þess hvort um endurtekin brot sé að ræða.

Málsatvik

Í nóvember 2019 komst svokallað Namibíumál Samherja í hámmæli vegna birtingar tveggja Kveiks-þátta í Ríkissjónvarpinu. Um árabíl hefur svonefnt Seðlabankamál Samherja verið til umfjöllunar í Ríkissjónvarpinu og á fleiri stöðum. Um langa hríð og alveg sérstaklega frá því í nóvember 2019 hafa ellefu starfsmenn Ríkisútlvarpsins sem sinna umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð tekið opinberlega afstöðu til þessara mála og fleiri mála sem varða kæranda. Einkum hefur það verið með birtingu færslna á samfélagsmiðlum og snýr þessi kæra eingöngu að slíkum færslum á tímabilinu nóvember 2019 til ágúst 2020. Kærandi telur að með því athæfi hafi umræddir starfsmenn gerst brotlegir við siðareglur Ríkisútlvarpsins. Verða þessi atvik nú rakin.

Til áherslu hefur undirritaður feitletrað sum orð í beinum tilvitnum hér að neðan og eru þar einkum valin þau orð sem eru hvað mest gildishlaðin og fela í sér afdráttarlausustu afstöðuna til málefna kæranda. Feitletranirnar koma ekki fram í færslunum sjálfum. Afrit af færslunum í upprunalegri mynd (skjáskot) fylgja þessari kæru.

Málsatvik sem varða Aðalstein Kjartansson, fréttamann.

Aðalsteinn Kjartansson er fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu og var einn þeirra sem kom fram í Kveikspáttunum tveimur fyrir hönd Ríkisútvarpsins.

Þann 28. nóvember 2019 kl. 17:44 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Þetta er einu sinni næstum því rétt. Kveikur hefur aldrei sagt að félagið væri í eigu Samherja. DNB vissi nefnilega ekkert hver átti Cape Cod Fs en áætlaði að það væri Samherji. Sem reyndist ekki hægt að staðfesta. Annað félag, JPC, sagðist í ofanálag eiga það. **Öll viðbrögð Samherjs eru á þann veg að ég velti fyrir mér hvort þeir hafi yfir höfuð lesið eða horft á umfjöllun Kveiks um málið.** En fyrst Samherji er til í að ræða Cape Cod, af hverju var starfsmaður ykkar með prókúruumboð á reikningi félagsins hjá DNB?“ Með færslunni deildi Aðalsteinn frétt af samherji.is um að Samherji hvorki hafi hvorki átt né stýrt Cape Cod FS.

Þann 3. maí 2020 kl. 15:18 deildi Aðalsteinn færslu Þrándar Þórarinssonar þar sem segir eingöngu „Samherji“ og með fylgir mynd af málverki eftir Þránd. Á málverkinu sjást Þorsteinn Már Baldvinsson forstjóri kæranda og Kristján Þór Júlíusson halda á kampavínsglösum um borð í skipi sem merkt er kæranda. Um borð í skipinu sjást einnig fjórir sjómenn við vinnu sem eru málaðir með höfuðkúpur í stað andlita. Með því að deila færslunni tekur Aðalsteinn undir boðskap listmálarans sem er neikvæður í garð kæranda.

Þann 18. júní 2020 kl. 10:59 birtir Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Já okei!“ Með færslunni deilir hann frétt um erlenda fjárfestingu í Samherja nokkrum dögum fyrir Kveikspáttinn. Árni Guðmundsson skrifar ummæli við færslu Aðalsteins sem Aðalsteini líkar við og tekur þannig undir þær skoðanir sem þar er lýst. Í ummælunum segir: „...oft er raunveruleikinn lyginni líkastur ...eiginlega ekkert sem kemur manni að óvart lengur úr þessum ranni.“

Þann 8. júlí 2020 kl. 12:28 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem hann deilir færslu frá Kristni Hrafnssyni og tekur þar með undir þær skoðanir þar sem er lýst. Kristinn segir: „Tveir sakborninga í Samherjamálinu voru í réttarsal í Namibíu í gær í tilraun til þess að fá lausn gegn tryggingu en þeir hafa setið í gæsluvarðaldi bíðandi dóms í meira en hálf ár. Þetta eru fyrrum sjávarútvegsráðherra landsins, Bernhard Esau og tengdasonur hans Tamson „Fitty“ Hatuikulipi. Þetta var sögulegur dagur í þessu máli því í fyrsta sinn í réttarsal sýndi ákærvaldið á spilin og gerði grein fyrir málinu á ítarlegri hátt en áður. Á síðu dagblaðsins Informante var meðal annars fjallað um svikafléttu með tvíhliðasamningi við Angóla sem gerður var til að koma kvóta í hendur Samherja og lauma milljónum dollara úr landi í gegnum skúffufyrirtæki. Fjallað var um það hvernig spillingin sem þeir tengdafaðgar eru ásakaðir um aðild að hafi leitt til þess að 5000 manns í sjávarútvegi í Namibíu hefðu misstu vinnuna. Willem Oliver frá rannsóknarstofnun spillingamála í Namibíu (Anti-Corruption Commission - ACC) kom fyrir dóm og upplýsti að upplegg spillingarfléttunnar hefði verið handsalað á fundi á bugarði Bernhard Esau árið 2012 en í umfjöllun fjölmiðla á grunni Samherjaskjalana var greint frá því að þennan fund hefðu þeir setið Þorsteinn Már Baldvinsson og Aðalsteinn Helgason. Í blaðinu Namibian Sun er síðan einnig sagt frá því að ACC hafi upplýst að þeir hafi farið í gegnum síma James Hatuikulipi, eins sakborninga, eftir að hann var handtekinn og þar hafi fundist örvæntingarfullar beiðnir hans til Samherja um að þeir

feldu slóð peninganagreiðslna sem Samherji sendi inn á leynireikning í hans nafni í Dubaí. Ekkert af ofangreindu hefur ratað í fjölmiðla á Íslandi. **Hins vegar þótti það fréttæmt að Hatuikulipi hefði gasprað um það fyrir dómi að uppljóstrarinn Jóhannes Stefánsson hefði dregið sér fé frá Samherja til að fjármagna fíkniefnaneyslu. Engin „fjárdráttur“ af því tagi hefur verið færður á Íslandi eða Namibíu né heldur skýrt hvers vegna sakborningur í stærsta spillingarmáli Namibíu er svona annt um fjármál Samherja.** Það var Viljinn.is sem greindi frá þessu í gær en það er vettvangur fyrir áróður sem eigandi vefsins vill halda á lofti hverju sinni. DV þótti þessi „frétt“ Viljans svo áhugaverð að blaðið tók hana upp á sínu vefsvæði og loks fylgdi Mbl.is í kjölfarið með þennan áburð. Miðlarnir renndu hins vegar lipurlega og með aðdáunarverðum stórsvighæfileikum framhjá öllum efnisatriðum sem fram komu í þessu fréttæma réttarhaldi.“

Þann 21. júlí 2020 kl. 15:40 birti Aðalsteinn færslu á Twitter þar sem segir: „Það er farið að vekja athygli víða hvað íslensk yfirvöld virðast hafa lítinn áhuga á að rannsaka Samherjamálið. Eftir hverju er verið að bíða? #samherjaskjolin #fishrot“.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:52 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „**Nauðvörn Þorsteins Más og félaga í Samherjamálinu** er að reyna að sannfæra fólk um að gögn hafi verið fölsuð. Til að reyna að gera það að sannfærandi ásökun er sex ára gömul ólögleg upptaka dregin fram sem sýnir ekkert óeðlilegt, þó það sé gefið í skyn að hún sanni að gögn í Seðlabankamáli Samherja frá 2012 hafi verið fölsuð. **Það er ekki satt og gróf tilraun til að kaupa sér nýjan sannleika með framleiðslu á „heimildamynd“ sem hefur þann eina tilgang að koma Þorsteini og félögum frá því að svara einföldum spurningum**, sem aldrei hefur verið svarað, eins og: Hvað eru hundruð milljóna króna greiðslur til aðila tengdum sjávarútvegsráðherra Namibíu annað en mútur?“

Þann 12. ágúst 2020 kl. 12:52 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Einföld spurning gæti verið: "Hundruð milljóna sem fóru frá Samherjafélögum á Kýpur til aðila tengdum sjávarútvegsráðherra Namibíu, **hvað eru það annað en mútur?**"“

Þann 12. ágúst 2020 kl. 12:52 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem hann deilir færslu frá Kristni Hrafnssyni og tekur þar með undir þær skoðanir þar sem er lýst. Kristinn segir: „Að gefnu tilefni. Þegar WikiLeaks undir minni stjórn ákvað að greina Samherjaskjölin og síðar birta 12. og 26. nóvember s.l. undir nafninu FishRot, var leitað til fjölda blaðamanna til að vinna úr þeim fréttir. Á annan tug blaðamanna vann að verkinu frá Al-Jazeera, Kveik á RÚV, Stundinni, Norska ríkisútvarpinu NRK og namíbíska dagblaðinu The Namibian. **Fordæmalausar árásir** Samherja á einn af þessum blaðamönnum, **með meiðyrðum og atvinnurógi**, eru til marks um **málefnastöðu fyrirtækisins**. Enn er neitað að svara spurningum um málið sjálft. Blaða- og dagskrárgerðarmönnum er vinsamlegast bent á að láta ekki draga sig inn í þennan moðreyk forsvarsmanna fyrirtækisins. Gefi þeir aftur kost á sér í viðtöl, spyrjið þá spurninga um kjarna málsins. Hér er ein augljós spurning sem kemur frá einum þeirra blaðamanna sem vann að málinu en fær líklegast aldrei tækifæri til að fá svör við: „Nú liggur fyrir staðfest og skjalfest að hundruð milljóna voru millifærðar af reikningum Samherjafélaga á Kýpur inná reikninga aðila sem eru nátengdir fyrrverandi sjávarútvegsráðherra Namibíu. Hvað er það ef ekki mútur?“

Þann 16. ágúst 2020 kl. 12:13 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem hann segir: „Það er að verða komin heil meðganga síðan við spurðum Þorstein Má fyrst hvort hundruð milljóna greiðslur inn á Dúbaí reikning stjórnarformanns ríkisútgerðar Namibíu og annað eins inná reikninga tengdasonar sjávarútvegsráðherrans væru mútur. Þessum 9 mánuðum síðar sagði hann í fyrsta sinn í dag að þetta hefðu ekki verið mútur. **Hvað var þetta þá? Hann var ekki tilbúinn að svara því. Ætlar að útskýra það seinna. Kannski eftir næstu meðgöngu? Það liggur nú kannski dálítið á fyrir þessa sem sitja í fangelsi í Namibíu vegna ákæru fyrir mútupægni útaf þessum peningum.**“

Þann 18. ágúst 2020 kl. 14:58 birti Aðalsteinn færslu á Facebook þar sem segir: „Það var hins vegar tími til að taka saman ársreikningana og vinna samantekt úr þeim til að afhenda Morgunblaðinu.“

Aðalsteinn hefur fjallað ítrekað um málið í miðlum Ríkisútvarpsins og gerir það brot hans sérstaklega alvarleg.

Málsatvik sem varða Frey Gígju Gunnarsson, fréttamann.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:42 birti Freyr færslu á Facebook þar sem segir: „Það er engu við þetta að bæta. Það fór um mann hrollur við að horfa á myndskleiðið í morgun.“

Þann 12. ágúst 2020 kl. 16:59 birti Freyr færslu á Facebook þar sem segir: „Það er búið að fara yfir markið sem Samherji taldi sig hafa skorað í gær. Það **reyn-dist vera sjálfsmark.**“

Málsatvik sem varða Helga Seljan, fréttamann.

Þann 15. nóvember 2019 birti Helgi samhljóða færslur á Facebook (kl. 7:45) og Twitter (kl. 9:27) sem segir: „Það er næsta aðdáunarvert að vitna hvernig blaðamaður Morgunblaðsins reynir að föndra upp bjarghring utan um nýjan forstjóra Samherja í blaði dagsins, þegar hann spyr, eins og barn sem komið hefur að jólasveininum skegglausum, hvort Samherjamenn haldi ekki örugglega að það sé engin hætta á öðru en að Skattrannsóknarstjóri hafi haft öll gögn um afrikustarfseminu til rannsóknar áður, eftir húsleit frá 2012? Ég kann illa við að blasta því svona á þá félagu í aðdraganda aðventunnar, en tvennt gerir það að verkum að spurningin og svar forstjórans, meika engan sens: Fyrst vegna þess að meginhluti atburðanna sem um er rætt gerast eftir 2012. En svo og ekki síst sú staðreynd að húsleitin fór fram á Íslandi og náði ekki til þeirra fyrirtækja sem um ræðir í afríku. En það má vona. **Vonandi er þessi áréttning ekki of einhliða fyrir hinn ballanseraða forstjóra Samherja.**“

Þann 26. nóvember 2019 kl. 21:42 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Sæll Björgólfur Jóhannsson. Nú hef ég fylgst með þér fyrstu daga þína í starfi og **vandræðum þínum við að höndla einfaldar staðreyndir** um eignarhald fyrirtækisins sem þú nú stýrir; samanber þetta með Heinaste um daginn. En af því að ykkur virðist ekki auðlesið internetið er hér ein grein sem þú

gætir byrjað á lesa gæskur. Þær eru mun fleiri og dramatískari; hrottafengnari lýsingarnar af afleiðingum þessa alls.

<https://amabhungane.org/stories/namibian-fishing-industry-cries-foul-as-quota-handed-to-international-interests/>

Þú þarft ekkert að biðja mig afsökunar samt.“

Þann 2. desember 2019 kl. 15:35 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Í Namibíu er sex menn formlega ákærðir fyrir að misfara með vald sitt og áhrif í staðinn fyrir hundruð milljóna króna mútur frá íslensku stórfyrirtæki. **Á Íslandi er sama fyrirtæki í “samstarfi” og “samtali” við yfirvöld og að gera skoðanakönnunina: “Hvernig finnst þér ég?”**

Þann 9. desember 2019 kl. 16:36 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Enn misskilja þeir Namibíumenn. Sáú þeir ekki yfirlýsingu Samherja og djúpköfun <http://Villain.is> eftir réttu og röngu þarna?“

Þann 11. desember 2019 kl. 15:51 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Nýr ráðherra í Namibíu hefur augljóslega ekki lesið fréttatilkynningar Þorbjörns Þórðarsonar og félaga í nafni Samherja, þar sem allar þessar uppsagnir eru sagðar tóm þvæla og vitleysa. Sömu sögu er að segja af þeim hátt í tíu þúsund manns sem mótmæltu í Walvis bay í gær, fyrst og síðast vegna örlaga þeirra sem misstu vinnuna vegna þessa alls. Fylkisstjóri svæðisins taldi reyndar í viðtali við the Namibian að nær væri að tala um að skyndilegar breyttar úthlutanir á kvóta á árinu 2014 hefðu kostað 4500 störf.

<https://www.namibian.com.na/86279/read/I-warned-Esau----Mutjavikua>

<https://informante.web.na/retrenched-fisheries-workers-will-be-reinstated/>“

Þann 13. desember 2019 kl. 14:20 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Rosalega hlýtur þeim að líða vel með sig núna “andlitunum” sem tóku þátt í að rétta við ímynd þessa kompanís eftir að upp um það komst.“

Þann 21. desember 2019 kl. 13:14 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Það að Kristján Þór segi sig frá málefnum Samherja og ÚA, en ekki Síldarvinnslunnar, Bergs-Hugins og Gjögurs, sem öll eru meira og minna undir stjórn, í samrekstri með eða undir stjórn sama hóps manna, sýnir bara enn betur hversu galið konsept “tengdur aðili” er á Íslandi.“

Þann 28. desember 2019 kl. 14:17 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Þetta er þverskurðurinn sem valdi starfsemi Samherja í Namibíu “þriðju verstu Viðskipti ársins” Önnur verstu eru sjálfsagt aflandsþjónusta Kristjáns Gunnars. Þessi bleiku blöð á Íslandi eru eitt stórt joke.“

Þann 17. janúar 2020 kl. 15:48 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Það fara einhverjar þjár opnur hins svokallaða Viðskiptablaðs undir viðtal við bankastjóra Íslandsbanka þessa vikuna. Þar er drjúgu plássi eytt í jafnréttisþvinganir bankans en ekki orði vikið að áhrifum af hátterni og alþjóðlegri spillingarrannsókn eins stærsta kúnna bankans.“

Þann 17. febrúar 2020 kl. 9:30 birti Helgi færslu á Twitter þar sem segir: „Ríkisstjórn: Það má ekki láta geðþótta og tilfinningar ráða umfram lög og reglur í innflytjendamálum. Líka ríkisstjórn: Jafnvel þó **augljóst sé að brotið hafi verið gegn markmiðum laga og bókstaf um hámarks kvótaeign**, ætlum við að gefa mönnum sex ár í viðbót til þess.“

Þann 2. mars 2020 kl. 13:01 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Á mannamáli: Pizza-sendill hjá Dominos í Nóatúni notast næstu daga við bíl sem tilheyrir hefur Dominos á Skúlagötu.“ Og deilir þar með frétt af vef kæranda um að kærandi hafi leigt skiptið Smáey VE.

Þann 6. apríl 2020 kl. 11:01 birti Helgi færslu á Facebook þar sem segir: „Hér er hún þá líklegast komin, stærsta efnahagsaðgerð íslenskra stjórnvalda vegna Covid-19.“ Og deilir þar með frétt af Kjarnanum.is með fyrirsögninni „Samherji fær að sleppa við yfirtökuskyldu á Eimskip“.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:50 birti Helgi færslu á Facebook þar sem hann segir „Yfirlýsing ritstjóra Kveiks og undirritaðs:“ og deilir svo færslu Þóru Arnljótsdóttur en inni í þeirri færslu er m.a. bein tilvitnun í orð Helga. Færsla Þóru er svohljóðandi í heild sinni:

„Í dag voru sett ný viðmið í árásum stórfyrirtækis á fjölmiðla og einstaka fréttamenn. Í stuttu máli er ekkert hæft í þeim ásökunum sem Samherji hefur sett fram. Markmiðið með þessum **drullumokstri** er að sverta mannorð öflugasta rannsóknarblaðamanns landsins og **hrella fjölmiðla**. Í því sambandi má nefna að forstjóri Samherja hefur stöðu grunaðs manns í sakamáli og stjórnendur fyrirtækisins hafa aldrei svarað spurningum Kveiks um starfsemina í Namibíu (sem sjá má hér: <https://www.ruv.is/kveikur/samherjaskjolin/vidbrogd/>), þrátt fyrir ítrekuð boð þar um. Að Fréttablaðið birti svo gagnrýnislaust viðlíka **atvinnuróg**, án þess að bera undir þann sem ásökunin beinist að, er kapituli út af fyrir sig og varðar grundvallarreglur blaðamennsku.

Hér að neðan má lesa viðbrögð Helga Seljan við aurnum sem yfir hann er ausið:

„Skýrslan og ásakanir um falsanir

Fyrir það fyrsta eru ásakanir um falsanir gagna alrangar. Sömuleiðis útlekkingar á samtali mínu við Jón Óttar Ólafsson, starfsmann Samherja.

Skýrsla um samanburð á útflutningsverði á karfa til Þýskalands, sem sýndi að Samherji seldi fyrirtækjum sínum þar í landi afla eigin skipa á lægra verði en gerðist og gekk í viðskiptum annarra, var sannarlega til og gerð af Verðlagsstofu skiptaverðs. Eins og fram kom í Kastljósi, þegar vitnað var til hennar og hún sýnd. Það, hvers vegna núverandi starfsmaður Verðlagsstofu hafnar því núna, 8 árum eftir birtingu þess í sjónvarpi, að það hafi verið gert, er með nokkrum ólíkindum, þó ekki sé fastar að orði kveðið. Skjalið var sannarlega gert af þáverandi forstjóra Verðlagsstofu skiptaverðs, og lagt fram í Úrskurðarnefnd útvegsmanna og sjómanna. Það var jafnframt tilefni athugasemda Verðlagsstofu við Samherja, rannsókn, eins og það var orðað af Verðlagsstofu sjálfri. Rétt eins og núverandi forstjóri Verðlagsstofu staðfestir í raun í þessum samskiptum sínum við Samherja, nú í apríl.

Það er ekki bara rangt, heldur **einkar bíræfið** hvernig því er haldið fram í „þætti“ Samherja að umrætt skjal hafi verið falsað. Raunar kallast þessar kenningar þeirra á í myndbandinu. Það er ýmist sagt falsað, eða því breytt. Hvort tveggja er rangt. Sundurklippt ummæli um að átt hafi verið við skjalið, vísa eingöngu til þess að áður en það var birt voru persónugreinanlegar upplýsingar, sem hefðu getað vísað á heimildarmann, afmáðar af því. Það að snúið sé út úr því með þeim hætti

sem gert er, segir alla söguna um raunverulegan tilgang þessarar myndbandagerðar Þorsteins Más og féлага.

Að Samherji hafi haft í höndunum hjóðupptöku af fundi okkar Jóns Óttars í sex ár, en birti hana fyrst núna, segir sitt um hversu raunverulegt sönnunargagn um samsæri af minni hálfu sé að ræða.

Það er einnig rangt að Kastljós hafi ekki gengið úr skugga um hvaðan og hvers eðlis skýrsla Verðlagsstofu var, og ekki gengið úr skugga um að skjalið væri sannarlega frá Verðlagsstofunni komið. Verðlagsstofa vildi ekki staðfesta neitt opinberlega, en það er hreinn útúrslúningur að halda því fram að það þýði að skýrslan hafi ekki verið unnin á hennar vegum, því það var sannarlega staðfest. Um þetta allt má til dæmis lesa í eftirfarandi bréfi (sjá fyrsta komment að neðan) sem undirritað er af þremur starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs, og send var á stjórn stofnunarinnar, vegna fyrirspurnar Kastljóss. Þar er jafnframt staðfest að „mál“ tengt Samherja sé til skoðunar innan stofnunarinnar og áhersla lögð á að þögn ríki um málið af hendi stjórnarinnar, enda geti annað orðið til að „tefja og jafnvel skaða mál sem eru til rannsóknar/meðferðar hjá Verðlagsstofu og úrskurðarnefnd“

Umrædd skýrsla, sem var 3 blaðsíður og undirrituð af þáverandi forstjóra Verðlagsstofu skiptaverðs, var sannarlega borin undir Seðlabankann, sem óskaði eftir og fékk afrit af henni.

Fréttablaðið

Vinnubrögð Fréttablaðsins í málinu sæta - ólíkt vinnubrögðum Samherja – furðu. Bornar eru fram einhliða- og án nokkurs möguleika á andmælum, ásakanir sem eru ekki bara alrangar, heldur líka grafalvarlegar. Einu viðmælendum Fréttablaðsins í fréttinni eru launaðir starfsmenn Samherja auk forstjóra Samherja.

Fréttablaðið bar efni forsíðufréttarinnar í dag aldrei undir mig, eða ásökunina sem í henni felst. Þetta eru einu samskipti mín við Ara Brynjólfsson, blaðamann Fréttablaðsins um málið frá í gær. (Sjá komment nr. 2) Hér nefnir hann aldrei efnisatriði málsins, þá staðreynd að hann hafði augljóslega séð þáttinn sem hann vísar til og ætlaði sér að skrifa um efni hans frétt, fullkomlega gagnrýnislaust.

Þorablótið á Reyðarfirði

Á undanförunum árum **hefur Samherji, eða fulltrúar þess fyrirtækis ítrekað flutt furðusögur** af Þorablóti Reyðfirðinga í hinu svokallaða Seðlabankamáli. Því hefur verið haldið fram að þar hafi ég hitt sjómann sem ekki bar sig vel vegna hlutaskipta um borð í einu skipa Síldarvinnslunnar í Neskaupsstað, dótturfélags Samherja. Sú frásögn er uppspuni frá rótum. Síðastliðið haust, stuttu fyrir umfjöllun Kveiks um starfsemi Samherja í Namibíu og rétt eftir að Samherja var ljóst að um málið yrði fjallað í fjölmiðlum, birtist svo ný frásögn. Í þetta sinn af því að ég hefði haft uppi yfirlýsingar um að „taka niður Þorstein Má“. Aftur var farið með rangt mál. **Nú er trommað upp með ítarlegri útgáfu af sömu sögu**, og aftur er hún röng. En í þetta sinn er kallaður til fótgönguliði úr hópi viðskiptafélaga Þorsteins Más, og hann kynntur til sögunnar sem fyrrum lágt settur millistjórnandi dótturfélagsins í Neskaupstað. Sá maður er Jóhannes Pálsson.

Frásögn Jóhannesar sviður kannski mest af því sem þarna fer fram. Jóhannes hef ég þekkt síðan ég var barn. Jóhannes var nágrenni minn og fjölskyldur okkar vinafólk. En Jóhannes Pálsson var líka og er meðeigandi Þorsteins Más Baldvinssonar í eignarhaldsfélaginu Snæfugli, sem er stór eigandi Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Ummæli hans verða því að skoðast í því ljósi, rétt eins og ummæli annarra þeirra sem eru til viðtals í „þætti“ Samherja og eiga það allir sameiginlegt að hafa atvinnu af því að gæta með einum eða öðrum hætti hagsmuna fyrirtækisins. Um frásögn

Jóhannesar Pálssonar vil ég segja eftirfarandi: Það að ég hefði farið að segja Jóhannesi frá því „að ég væri með stórt mál“ gegn Samherja í smíðum, ætlaði mér að „tak'ann“ eða „ná honum“ vitandi um augljós tengsl þessara manna og sameiginlega hagsmuni er eins og allir hljóta að sjá, galið. Enda alrangt. Samtal okkar Jóhannesar í umrætt sinn sneri að hvort hann hefði í störfum sínum fyrir Síldarvinnsluna orðið var við að afurðakaup Samherja af skipum Síldarvinnslunnar færu fram á lægra verði en gekk og gerðist, eins og frásagnir sjómanna fyrirtækisins og kvartanir til Verðlagsstofu sögðu til um. Eftir á að hyggja voru það auðvitað mistök af mér að ræða þetta málefni, jafnvel með þessum fyrirvörum, við gamlan fjölskylduvin eins og Jóhannes, einkum við þessar aðstæður. Það hvarflaði hins vegar ekki að mér að hann myndi, átta árum síðar, stíga fram og **ljúga upp í opið geðið á alþjóð**, til þess eins að taka þátt í þessum **furðuleiðangri** viðskiptafélaga síns, Þorsteins Mús Baldvínssonar."

Að endingu þetta: Það dylst engum hver raunverulegur tilgangur þessarar herferðar er. Hann er tvíþættur: Að reyna að hafa af blaðamönnum æruna með **atvinnurógi af versta tagi** og það sem skiptir jafnvel meira máli - að dreifa athyglinni frá þeirri staðreynd að Þorsteinn Már Baldvínsson og starfsmenn hans sæta nú rannsókn í stóru sakamáli og hafa til þessa ekki svarað lykilsurningum um framferði fyrirtækisins á erlendri grund."

Helgi hefur fjallað ítrekað um málið í miðlum Ríkisútvarpsins og gerir það brot hans sérstaklega alvarleg.

Málsatvik sem varða Láru Ómarsdóttur, fréttamann.

Þann 28. nóvember 2019 kl. 23:45 birtir Lára færslu á Facebook þar sem segir: „Þegar reynt er að afvegaleiða umræðu er mikilvægt að halda staðreyndum til haga.“ Með fréttinni deilir Lára frétt af ruv.is. Jóhann Símonar birtir ummæli við færslu Lára sem hún líkar við og tekur hún þar með undir þær skoðanir sem þar er lýst. Í ummælunum segir meðal annars: „Enn samtaka máttur þeirra sem fara með fjármagn stjórna ferð. Og reyna hvað þeir geta að sverta mannorð ykkar.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Lára færslu á Facebook þar sem hún deilir yfirlýsingu Ríkisútvarpsins vegna ásakana á hendur Helga Seljan og tekur upp orð úr yfirlýsingunni og gerir þannig að sínum. Orðin eru: „Þessi **grófa árás** þjónar þeim eina tilgangi að skaða mannorð fréttamanns RÚV, sem hefur hvorki falsað gögn né „átt við þau“ og trúverðugleika fréttastofunnar.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 14:09 birti Lára færslu á Facebook þar sem segir: „Ekkert er hæft í ásökunum Samherja gegn Helga Seljan og RÚV. **Aldrei hef ég orðið vitni að annarri eins aðför og rógburði** gegn blaðamanni og fréttastofu hér á landi og nú. Þetta er grafalvarleg aðför að fjölmiðlun í landinu. Lesið það sem Helgi Seljan sjálfur hefur að segja.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Lára færslu á Facebook þar sem hún deilir yfirlýsingu Ölmú Ómarsdóttur með texta yfirlýsingar frá Félagi fréttamanna sem er stéttarfélag fréttamanna hjá Ríkisútvarpinu. Lára tekur upp eftirfarandi orð úr yfirlýsingunni og tekur þannig undir þau og gerir að sínum: „Þekkt er víða um heim að fjársterkir aðilar beiti ýmsum aðferðum til að vekja efasemdir um fréttaflutning sem að þeim snýr. Það skapar þá hættu að grafið sé undan trausti á fjölmiðlum

og að fjölmiðlar veigri sér við að fjalla um einstaka aðila. Af því er mikil hættu búin fyrir lýðræðislegt samfélag“.

Málsatvik sem varða Raket Þorbergsdóttur, fréttastjóra.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Raket færslu á Facebook þar sem segir: „Með birtingu Samherja-myndbandsins í dag er gengið lengra en nokkru sinni fyrr í því að veða persónulega að æru fréttamanns og trúverðugleika fréttamiðils í þeim eina tilgangi að verjast gagnrýnni umfjöllum og afvegaleiða umræðuna. Það er ekki ný aðferð að skjóta sendiboðann með sambærilegum hætti en hún hefur líklega aldrei verið jafn alvarleg og kerfisbundin.“

Raket er fréttastjóri og gerir það brot hennar sérstaklega alvarlegt.

Málsatvik sem varða Sigmar Guðmundsson, dagskrárgerðarmann

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:48 birti Sigmar færslu á Facebook þar sem segir: „Ég hvet fólk til að lesa þessi skrif. Og ég vona að fólk gefi sér tíma í að skoða bæði þennan **lygavaðal** sem Samherji hefur klippt saman og einnig umfjöllun Kastljós um málið á sínum tíma. Þar sjá menn meðal annars að þessi **stórkostlega rannsóknaruppgötvun** Jóns Óttars um að Helgi hafi gengið á milli stofnana og rætt við skattrannsóknarstjóra var nú ekki meira leyndó en svo að frá samskiptunum er gerð rækileg grein fyrir í umfjölluninni sjálfri. Þá má einnig sjá í þessum Kastljósþætti að Samherja var boðið að tjá sig um málið áður en umfjöllunin fór í loftið, þvert á það sem sagt er í þætti Samherja. Annað fer Þóra vel yfir í sínum skrifum sem allir ættu að lesa. Kastljósþáttinn sjálfan má svo sjá hér í athugasemd fyrir neðan.“

Málsatvik sem varða Snærós Sindradóttur, fréttamann.

Þann 12. ágúst 2020 kl. 15:28 birti Snærós færslu á Twitter þar sem segir: „Vandræðalegt“. Og með þeim orðum deilir hún frétt frá Stundinni.

Þann 12. ágúst 2020 kl. 15:41 birti Snærós færslu á Twitter þar sem segir: „Þetta **pr-flopp** sem Samherji henti í í gær tókst það vel að m.a.s í kommentum við frétt um eitthvað dularfullt hljóð á Akureyri er fólk bara: "Er þetta ekki bara **vælið í forstjóra Samherja** að berast um sveitina?"“.

Málsatvik sem varða Stíg Helgason, fréttamann.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 13:41 birti Stígur færslu á Facebook þar sem segir: „Hér má lesa viðbrögð ritstjóra Kveiks og Helga Seljan við þessari dæmalausu aðför Samherjamanna að fréttamönnum sem eru að vinna vinnuna sína.“

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:43 birti Stígur færslu á Twitter þar sem segir: „Maður bjóst við ýmsu, en þetta er jafnvel ósvífna en maður hafði hugmyndaflug í.“

Málsatvik sem varða Sunnu Valgerðardóttur, fréttamann.

Þann 13. nóvember 2019 kl. 11:49 birtir Sunna færslu á Facebook þar sem segir: „Það er þetta með fölsku forsendurnar“ og deilir með frétt af ruv.is um viðbrögð við þætti Kveiks um Samherja í Namibíu.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:49 birti Sunna færslu á Facebook þar sem segir: „Engu við þetta að bæta. Ömurlegt, fullkomlega yfirgengilegt, en því miður ekkert endilega óviðbúið.“ 11 mínútum síðar eða klukkan 13:00 sama dag deildir Sunna færslu Þóru Arnórsdóttur dags. 11. ágúst 2020 kl. 12:42 sem fjallað verður um hér að neðan og tekur þannig undir orð hennar. Sama dag, u.þ.b. 6 klukkustundum síðar, fjallar Sunna um málið í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins kl. 19:00 sem gerir brot hennar sérstaklega alvarlegt.

Málsatvik sem varða Þóru Arnórsdóttur, ritstjóra Kveiks.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 12:42 birti Þóra færslu á Facebook þar sem segir: „Í dag voru sett ný viðmið í árásum stórfyrirtækis á fjölmiðla og einstaka fréttamenn. Í stuttu máli er ekkert hæft í þeim ásökunum sem Samherji hefur sett fram. Markmiðið með þessum drullumokstri er að svarta mannorð öflugasta rannsóknarblaðamanns landsins og hrella fjölmiðla. Í því sambandi má nefna að forstjóri Samherja hefur stöðu grunaðs manns í sakamáli og stjórnendur fyrirtækisins hafa aldrei svarað spurningum Kveiks um starfsemina í Namibíu (sem sjá má hér: <https://www.ruv.is/kveikur/samherjaskjolin/vidbrogd/>), þrátt fyrir ítrekuð boð þar um. Að Fréttablaðið birti svo gagnrýnislaust viðlíka atvinnuróg, án þess að bera undir þann sem ásökunin beinist að, er kapítuli út af fyrir sig og varðar grundvallarreglur blaðamennsku. Hér að neðan má lesa viðbrögð Helga Seljan við aurnum sem yfir hann er ausið.“ Og þar tekur hún orðrétt upp orð Helga Seljan sem tekin eru upp í kaflanum hér að framan um Helga Seljan.

Þóra er ritstjóri og þar með yfirmaður og gerir það brot hennar sérstaklega alvarlegt.

Málsatvik sem varða Tryggva Aðalbjörnsson, fréttamann.

Þann 11. ágúst 2020 kl. 14:25 birti Tryggvi færslu á Facebook þar sem segir: „Samherji réðst í dag með **sérstaklega andstyggilegum** hætti að mannorði fréttamanns sem þorir að spyrja spurninga. **Árásin er ekki bara ljót** heldur þjónar hún líka þeim tilgangi að grafa undan trausti fólks á frásögnum fjölmiðla og staðreyndum yfirleitt. Mæli með að fólk lesi þessa yfirlýsingu Þóru og Helga.“

Málsástæður

Mál þetta varðar brot á ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins sem hljóðar svo:

„Starfsfólk, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð tekur ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þ. á m. á samfélagsmiðlum.“

Krafa um að úrskurðað verði að siðareglur Ríkisútvarpsins hafi verið brotnar byggir á 1. mgr. 7. gr. reglna siðanefndar Ríkisútvarpsins. Í öllum þeim tilvikum sem talin eru upp að framan hefur að mati kæranda verið brotið gegn framangreindu ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðalregna Ríkisútvarpsins. Þeir sem fremja brotin eru allir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem sinna umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð. Efni færslanna sem starfsmennirnir birtu á samfélagsmiðlum felur í öllum tilvikum í sér að starfsmennirnir taka afstöðu í umræðu um málefni kæranda einkum hið svonefnda Namibíumál og Seðlabankamál en einnig fleiri mál eins og t.d. eignarhald í sjávarútvegi og eignarhald kæranda á hlutabréfum í Eimskip. Þessi mál hafa verið ítrekað í umræðu á opinberum vettvangi í öllum fjölmiðlum landsins og á Alþingi. Þetta eru þess vegna bæði pólitísk og umdeild mál. Birting færslanna er opinber því hún fór fram á samfélagsmiðlum en í ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins eru samfélagsmiðlar teknir sem dæmi um opinbera birtingu. Leikur því enginn vafi á því að það telst opinber birting í skilningi reglnanna. Þar að auki eru allar færslurnar aðgengilegar hverjum sem er en ekki eingöngu þeim sem eru vinir eða fylgjendur viðkomandi starfsmanna á samfélagsmiðlum.

Eins og sjá má að framan hafa sumir starfsmannanna endurtekið brot sín og er þess krafist að tekin verði afstaða til þess í niðurstöðu siðanefndarinnar hvort svo sé, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglna um siðanefnd Ríkisútvarpsins. Að auki hljóta endurtekin brot alltaf að teljast mjög alvarleg í skilningi sama ákvæðis en til vara alvarleg.

Nú kann siðanefndin að telja að einhver þeirra tilvika sem talin eru upp að framan séu ekki brot á siðareglunum þegar horft er á hvert þeirra sem einangrað tilvik. Verði það niðurstaða um einhver tilvikanna byggir kærandi á því að í þeim tilvikum þegar viðkomandi starfsmaður hefur tjáð sig ítrekað um málefni kæranda verði að líta á þau tilvikin sem eina heild þannig að þó að opinber afstaða komi ekki augljóslega fram í einni færslu þá sé afstaðan ljós ef færslan er lesin í samhengi við aðrar færslur viðkomandi starfsmanns.

Við mat siðanefndarinnar á því hvort um brot á ákvæði 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins er að ræða í þessu máli er nauðsynlegt að horfa til þess að ákvæðið stendur ekki í tómarúmi heldur er mælt fyrir um sambærilegar eða svipaðar skyldur á fleiri stöðum. Í lokamálslið 4. gr. vinnureglna fréttastofu Ríkisútvarpsins segir til dæmis: „Fréttamenn skulu gæta þess að opinbera ekki skoðanir sínar á málefnum eða einstaklingum þannig að trúverðugleiki fréttastofunnar hljóti skaða af.“ Þetta er nokkurn veginn sama reglan og í siðareglunum og gerir það brotin alvarlegri. Þetta er einnig orðað með almennari hætti í 2. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem segir m.a. „[Blaðamaður] hefur í huga að almennt er lítið á hann sem blaðamann þó hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs...“ Regla 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins er þess vegna ekki undantekningarregla, eða sett í tómarúmi og er því engin ástæða til að túlka hana þröngt.

Bann 4. mgr. 3. gr. siðareglna Ríkisútvarpsins við því að starfsfólk, sem ákvæðið tekur til, taki opinberlega afstöðu til tiltekinna málefna eða mála er nánari útfærsla á reglum um hlutlægni sem gilda um Ríkisútvarpið og finna má víða. Það er mikilvægur þáttur í því að viðhafa hlutlægni og sýna hlutlægni út á við að starfsfólkið taki ekki opinberlega afstöðu í málum. Um þessa hlutlægniskyldu er m.a. fjallað í 26. gr. laga nr. 37/2011 um fjölmiðla þar sem segir: „Fjölmiðlaveita

skal gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni...“ Ríkisútvarpið hefur gert þjónustusamning við ríkið sem ber heitið „Samningur mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019“. Gildistími samningsins er runninn út en samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu er enn unnið eftir honum. Samkvæmt grein 2.2 í samningum skuldbindur Ríkisútvarpið sig m.a. gagnvart ríkinu til að draga hvorki taum hagsmunahópa, stjórnmalasamtaka, einstaklinga né ákveðinna sjónarmiða. Samkvæmt 2. mgr. greinar 2.2.1 í samningum skal fréttþjónusta Ríkisútvarpsins vera óháð stjórnmalalegum, hugmyndafræðilegum og efnahagslegum hagsmunum í efnismeðferð og ritstjórnarákvörðunum. Erfitt er að sjá hvernig þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem þessi kæra fjallar um geta fjallað um málefni kæranda í samræmi við þessar skuldbindingar eftir að hafa lýst skoðunum sínum á málinu á samfélagsmiðlum.

Reglan í síðareglunum sem þetta mál byggir á hefur því tengsl við ýmsar aðrar reglur og byggir á almennari reglum um hlutlægni í fjölmiðlum sem gerir brot gegn henni alvarlegri.

Þeir starfsmenn Ríkisútvarpsins sem fjallað er um í þessari kæru geta ekki í ljósi hegðunar sinnar á samfélagsmiðlum talist hlutlægir þegar kemur að umfjöllunum um kæranda.

Margar af færslunum á samfélagsmiðlum sem raktar eru að framan eru birtar því sem næst á sama tíma. Er það vísbending um að um samantekin ráð starfsmannanna sé að ræða og gerir það brotin alvarlegri.

Áskilnaður

Kærandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn, koma að frekari kröfum, málsástæðum, röksemdum og mótmælum við háttsemi starfsmanna Ríkisútvarpsins á síðari stigum ef við á.

Framlögð gögn

Með kæru þessari leggur kærandi fram samning mennta- og menningarmálaráðherra og Ríkisútvarpsins ohf. um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2016-2019, dags. 5. apríl 2016. Einnig eru lögð fram skjáskot af öllum þeim færslum á samfélagsmiðlunum Facebook og Twitter sem taldar eru upp í málsatvikalýsingu.

Virðingarfyllst,

Arnar Þór Stefánsson hrl.

Afrit:

Stjórn Ríkisútvarpsins
Útvarpsstjóri